

Umsögn sveitarstjórnar Rangárþings ytra vegna 172. og 173 máls – Samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 og fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023

Sveitarstjórn Rangárþings ytra ályktaði á 4. fundi sínum um framlagðar tillögur að samgönguáætlun en samgöngu- og fjarskiptanefnd sveitarfélagsins hafði þá tekið umræddar þingsályktanir til gagngertrar skoðunar. Samþykkt var að senda eftirfarandi ályktun á nefndasvið Alþingis.

Ályktun sveitarstjórnar Rangárþings ytra vegna tillagna til þingsáætlunar um samgönguáætlun (mál 172 og 173)

Samkvæmt áætlunni fara samtals um 45,6 milljarðar í almenn verkefni í næstu fimm árum. Þetta fjármagn fer allt í verkefni á stofnvegum innan grunnnetsins. Ekki er gert ráð fyrir að neitt af þessu fjármagni fari til framkvæmda í Rangárvallasýslu. Sérstaka athygli vekur að nánast engir vegir í sýslunni, utan Þjóðvegur 1, teljast til stofnvega innan grunnnetsins.

Vegir í grunnneti:

Vakin er athygli á því að fjölfarnir vegir í sveitarfélaginu eru ekki skilgreindir sem stofnvegir í grunnneti Vegagerðarinnar.

Samkvæmt nýlegri skýrslu Rögvaldar Guðmundssonar frá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðþjónustunnar um ferðamenn í Rangárþingi ytra 2008-2017, sem gerð var fyrir Rangárþing ytra, kemur m.a. fram að almennt er gestum að fjölga hlutfallslega meira í Rangárvallasýslu en á öllu landinu.

Áætlað er að fjöldi gesta í Rangárvallasýslu hafi rúmlega fjórfaldast á tímabilinu 2008 til 2017, úr 386 þúsund í 1.576 þúsund manns. Í skýrslunni kemur fram að 164 þúsund manns hafi farið í Landmannalaugar árið 2017, 115 þúsund komið nærri Heklu, 99 þúsund farið um Þykkvabæ og 54 þúsund haft viðkomu í Hrauneyjum.

Mikil umferð ferðamanna kallar á að gerð verði breyting á flokkun vegna og hvaða vegir tilheyri svokölluðu grunnneti. Þetta hefur greinilega verið gert í uppsveitum Árnassýslu. Vandséð eru rökkin fyrir því af hverju Þjórsárdalsvegur er stofnvegur í grunnneti, en ekki Landvegur. Þá er rétt að nefna sérstaklega veg að Heklu af Dómadalsleið. Sá fjölfarni vegur er ekki í umsjá Vegagerðarinnar og telst til svokallaðra styrkvega.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra leggur til eftirfarandi:

- Lagt er til að Landvegur, nr.26, frá Þjóðvegi 1 á Sprengisandsleið verði stofnvegur í grunnneti.
- Lagt er til að Þykkvabæjarvegur, nr. 25, verði stofnvegur í grunnneti.
- Lagt er til að Fjallabaksleið syðri, F210, verði stofnvegur um hálendi í grunnneti.
- Dómadalsleið (F225) verði stofnvegur um hálendi í grunnneti.
- Lagt er til að vegur að Heklu af Dómadalsleið verði skilgreindur sem opinber vegur og sem stofnvegur um hálendi í grunnneti.

Tengivegir:

Langir og fjölfarnir tengivegir eru innan Rangárþings ytra sem ekki hafa verið lagðir bundnu slitlagi. Mjög litlu fjármagni hefur verið varið í lagningu bundins slitlags á vegi í sveitarfélaginu á undanförunum árum. Árið 2018 var ekki lagt slitlag á neina tengivegi í Rangárþingi.

Minnt er á að að ekkert af þeim 45,6 milljörðum sem verja á í nýframkvæmdir á stofnbrautum fer í framkvæmdir í Rangárþingi. Samkvæmt áætlunni á árlega að verja 800 – 900 milljónum í að leggja bundið slitlag á tengivegi landsins.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra leggur til eftirfarandi:

- Það er mikilvægt að helstu tengivegir innan sveitarfélagsins verði lagðir bundnu slitlagi á næstu árum.
- Þess er krafist að gert verði sérstakt átak í að leggja bundið slitlag á fjölfarna tengivegi í sveitarfélaginu.
- Vegir sem sérstaklega verður horft til eru Hagabraut (286), Þingskálavegur (268), Árbæjarvegur (271), Bjallavegur (272) og Rangárvallavegur frá Gunnarsholti að Keldum (264).

Virðingarfyllt
f.h. Rangárþings ytra
Ágúst Sigurðsson
sveitarstjóri